

Greið leið ehf. Hafnarstræti 91, 600 Akureyri. Sími 464-9933.

Til hluthafa í Greiðri leið ehf.

Efni: Árleg hlutafjáraukning.

Eins og kveðið er á um í láanasamningi Vaðlaheiðarganga hf. og ríkisins þá ber Greiðri leið ehf. að auka hlut sinn um 40 mkr. árlega á árabilinu 2013 – 2017, eða alls 200 mkr. Hluthafar brugðust vel við á síðasta ári og stóðu þétt að baki verkefninu eins og sjá má af töflu 2. Stjórn Greiðrar leiðar væntir þess að svo verði áfram enda farið að hylla undir lok samningstímans og lokagreiðslu hlutafjáraukningar sem verður á næsta ári. Undanfarna mánuði hafa framkvæmdir gengið vel. Vonandi verður slegið í gegn í göngunum innan fárra mánaða og þar með verða stærstu áhættubættir framkvæmdarinnar að baki.

Forkaupsréttur hluthafa kemur fram í töflu 1. Minnt er á að árið 2014 kom Höldur ehf. inn sem nýr hluthafi og lýsti sig reiðubúið að leggja fram eina milljón kr. í hlutafé á ári til ársins 2017. Sömuleiðis er Auðhumla svf. reiðubúin að leggja fram eitt hundrað þús. kr. í hlutafé á ári til ársins 2017. Vegna þessa er óskað eftir að hluthafar staðfesti að þeir falli frá forkaupsrétti á 1.1 milljón kr. sem Höldur ehf. og Auðhumla svf. eru tilbúin að skrifa sig fyrir á árinu 2016. Vinsamlegast staðfestið þetta með tölvupósti á eything@eything.is ekki seinna en 1. nóvember nk.


Meðfylgjandi er skjal (tafla 1) sem sýnir hvernig forkaupsréttur að þeim 38.9 mkr. sem eftir standa skiptist milli hluthafa. Fyrir liggur tilkynning frá KEA svf. um að félagið mun ekki auka frekar við hlutafé sitt í Greiðri leið ehf. Árið 2013 kom Útgerðarfélag Akureyringa ehf. nýtt inn í Greiða leið ehf. og keypti nær allt hlutafé í aukningu ársins, en hefur ekki haft áform um frekari aðkomu að féluginu. Forkaupsréttur KEA og Útgerðarfélagsins er því settur á náll í töflunni. Meðfylgjandi er einnig skjal (tafla 2) sem sýnir hlutafjáreign fyrir komandi aukningu.

Óskað er eftir að hluthafar bregðist skjótt við og nýti forkaupsrétt sinn og greiði inn aukið hlutafé. Jafnframt eru hluthafar minntir á að gera ráð fyrir lokaaukningu hlutfjár á næsta ári.

Samkvæmt samþykktum félagsins eiga hluthafar félagsins forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í samræmi við hlutafjáreign sína. Hlutur þinn í féluginu að nafnvirði kemur fram á meðfylgjandi blaði (töflu 1), ásamt hlutfallslegum rétti þínúm. Þess er óskað að þú nýtir áskriftarrétt þinn og fyllir út meðfylgjandi tilkynningu og sendir hana á Greiða leið ehf., Hafnarstræti 91, 600 Akureyri og greiði fyrir hina nýju hluti með því að leggja inn á bankareikning félagsins 1187-26-3811, kt. 420403-2670, í síðasta lagi 1. nóvember 2016. Vinsamlegast hafið samband ef óskað er frekari upplýsinga.

Akureyri 4. október 2016

f.h. Greiðrar leiðar ehf.


Pétur Þór Jónasson
formaður stjórnar

Tafla 1.

Forkaupsréttur í 40 mkr. hlutafjáraukningu Greiðrar leiðar ehf. 2016

- gengi hluta 1,0

Hlutafé fyrir aukningu.....	293.656.590
Hlutafjárloforð, Höldur ehf.....	1.000.000
Hlutafjárloforð, Auðhumla svf.....	100.000
Forkaupsréttur 2016.....	<u>38.900.000</u>
Heildarhlutafé eftir aukningu.....	<u>333.656.590</u>

	Hlutafjáreign á nafnvirði	Forkaupshlutur í %	Forkaupsréttur í krónum
Akureyrbær	134.903.361	69,79%	27.146.402
Dalvíkurbyggð.....	78.334	0,04%	15.763
Eyjafjarðarsveit.....	1.771.847	0,92%	356.546
Fjallabyggð.....	186.511	0,10%	37.531
Grýtubakkahreppur.....	130.557	0,07%	26.272
Hörgársveit.....	2.574.856	1,33%	518.134
Langanesbyggð.....	845.850	0,44%	170.209
Norðurþing.....	9.378.972	4,85%	1.887.316
Skútustaðahreppur.....	5.162.456	2,67%	1.038.833
Svalbarðshreppur.....	363.739	0,19%	73.195
Svalbarðsstrandarhreppur.....	4.103.232	2,12%	825.687
Tjörneshreppur.....	780.426	0,40%	157.044
Þingeyjarsveit.....	27.380.220	14,16%	5.509.681
Eimskip Íslands ehf.....	846.425	0,44%	170.325
Grímur ehf.....	50.000	0,03%	10.061
KEA svf.....	0	0,00%	0
Norðlenska ehf.....	423.214	0,22%	85.163
Auðhumla svf.....	0	0,00%	0
SBA-Norðurleið hf.....	373.020	0,19%	75.062
Vélsmiðja Steindórs ehf.....	229.348	0,12%	46.151
Útgerðarfélag Akureyringa ehf.....	0	0,00%	0
Höldur ehf.....	0	0,00%	0
Eyþing.....	3.730.201	1,93%	750.623
Samtals	<u>193.312.569</u>	100%	<u>38.900.000</u>

Tafla 2

Hlutaskrá Greiðrar leiðar ehf. 4.10.2016

Stofnhlutafé.....	4.410.000
Hlutafjáraukning 2006.....	71.036.864
Hlutafjáraukning 2012.....	98.705.371
Hlutafjáraukning 2013.....	39.900.000
Hlutafjáraukning 2014 (og -15).....	39.616.945
Hlutafjáraukning 2015.....	39.987.410
Heildarhlutafé eftir aukningu.....	293.656.590

	Hlutafjáreign fyrir aukningu 2015	Keypt hlutafé 2015	Hlutafjáreign alls 4.10.2016	Eignarhlutur í %
Akureyrbær	107.758.726	27.144.635	134.903.361	45,94%
Dalvíkurbyggð.....	62.572	15.762	78.334	0,03%
Eyjafjarðarsveit.....	1.415.324	356.523	1.771.847	0,60%
Fjallabyggð.....	148.982	37.529	186.511	0,06%
Grýtubakkahreppur.....	104.287	26.270	130.557	0,04%
Hörgársveit.....	2.056.755	518.101	2.574.856	0,88%
Langanesbyggð.....	675.652	170.198	845.850	0,29%
Norðurþing.....	7.491.778	1.887.194	9.378.972	3,19%
Skútustaðahreppur.....	4.123.690	1.038.766	5.162.456	1,76%
Svalbarðshreppur.....	290.549	73.190	363.739	0,12%
Svalbarðsstrandarhreppur.....	3.277.600	825.632	4.103.232	1,40%
Tjörneshreppur.....	623.384	157.042	780.426	0,27%
Þingeyjarsveit.....	21.870.898	5.509.322	27.380.220	9,32%
Eimskip Íslands ehf.....	676.111	170.314	846.425	0,29%
Grímur ehf.....	50.000	0	50.000	0,02%
KEA svf.....	57.730.962	0	57.730.962	19,66%
Norðlenska ehf.....	338.057	85.157	423.214	0,14%
Auðhumla svf.....	700.000	100.000	800.000	0,27%
SBA-Norðurleið hf.....	297.963	75.057	373.020	0,13%
Vélsmiðja Steindórs ehf.....	183.200	46.148	229.348	0,08%
Útgerðarfélag Akureyringa ehf.....	39.813.059	0	39.813.059	13,56%
Höldur ehf.....	1.000.000	1.000.000	2.000.000	0,68%
Eyþing.....	2.979.631	750.570	3.730.201	1,27%
Samtals	253.669.180	39.987.410	293.656.590	100,00%

Greið leið ehf.
Hafnarstræti 91
600 Akureyri

TILKYNNING

Staður og dags: _____

Efni: Tilkynning um nýtingu forgangsréttar/réttar til áskriftar á nýju hlutafé í einkahlutafélaginu Greið leið ehf., kt. 420403-2670, Hafnarstræti 91, 600 Akureyri.

Ég undirritaður, _____ kt. _____, hef ákveðið að nýta forgangsrétt minn, sbr. bréf stjórnar félagsins þann 4. október 2016, við hlutafjáraukningu að nafnverði kr. 38.900.000,-

Ég er skráður fyrir hlutafé að nafnverði kr. _____ í féluginu. Hlutfallslegur réttur minn er því ____%.

Ég lýsi því hér með yfir að ég skrái mig fyrir hlutafé að nafnverði kr. _____ á gengingu 1,0 og greiði fyrir það með því að leggja þá upphæð inn á bankareikning félagsins sem er 1187-26-3811 og er greiðslufrestur til 1. nóvember 2016. Kennitalan er 420403-2670.

Eftir að greitt hefur verið fyrir allt hlutafé skal stjórn félagsins tilkynna hækjunina til hlutafélagaskrár og þá skal nafn viðkomandi aðila fært inn í hlutaskrá félagsins ásamt tilgreiningu á hlutafé hans og mun hann njóta fullra réttinda sem hluthafi í féluginu frá þeim degi.

Áskriftarblað þetta skal sent á heimilisfang félagsins, eða tölvupóstfang félagsins eything@eything.is, eigi síðar en 1. nóvember 2016.

F.h.